

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
3. fundur 2022 (111. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 02.05.2022 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi

Guðlaugur H. Sigurjónsson boðaði forföll.

1. Vinnslutillaga aðalskipulags Suðurnesjabæjar

Lögð var fram vinnslutillaga að aðalskipulagi Suðurnesjabæjar. Umsögn um tillöguna var afgreidd í tölvupósti milli nefndarmanna. Var samþykkt að gera ekki athugasemdir við tillöguna. Umsögnin var staðfest á fundinum.

2. Tillaga að aðalskipulagi Reykjanesbæjar

Lagt var fram erindi akipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar, dags. 20. 04.2022, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar um tillögu að aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 – 2035.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

3. Endurskoðun svæðisskipulags Suðurnesja. Staða vinnunnar

Formaður skipulagsnefndarinnar gerði grein fyrir stöðu vinnu við endurskoðun svæðisskipulags Suðurnesja. Lagði hann áherslu á að fyrir liggi við endurskoðunina langtímastefna um gerð nýrra flugbrauta á Keflavíkurflugvelli.

4. Blikavöllur 3

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir erindi byggingarfulltrúa Suðurnesjabæjar varðandi fjölgun innkeyrslna að lóðinni Blikavöllur 3. Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við fyrirkomulag innkeyrslanna.

5. Skoðunarferð um flugvallarsvæðið

Að loknum hefðbundnum fundi skipulagsnefndarinnar var farið í skoðunarferð um flugvallarsvæðið. Voru m.a. skoðar framkvæmdir við Flugstöðina og framkvæmdir á öryggisvæðinu á vegum Landhelgisgæslunnar.

6. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 20. júní 2022 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx